

Félagsmálanefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. 2117/1660

Komudagur 7/2 1994

Reykjavík, 4. feb. 1994

Varðar: Frumvarp um fjöleignarhús

Til viðbótar umsögn Fasteignamats ríkisins um ofangreint frumvarp, dags. 20. ágúst s.l. þykir undirrituðum rétt að gera eftirfarandi athugasemd við 11. gr. frumvarpsins.

Hætta er á, að orðinu "eignarhluti" í upphafi greinarinnar verði ruglað saman við hugtakið "eignarhluti í sameign" í l. mgr. 14. gr.

Í 7. gr. gildandi laga nr. 59/1976 er skilgreining fasteignar í fjölbýlishúsi ágæt, en þar segir:

"Sérhver íbúð í fjölbýlishúsi telst, ásamt því, sem henni fylgir sérstaklega, og eignarhluta sínum í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna."


Því er lagt til, að 11. gr. frumvarpsins orðist svo:

"Skilgreing fasteignar í fjöleignarhúsi."

11. gr.

"Sérhver séreign telst, ásamt því, sem henni fylgir sérstaklega, og eignarhluta sínum í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna."

Virðingarfyllst,



Magnús Ólafsson
forstjóri